

Úrgangur frá verkstöðum PG Verks 2024, janúar - apríl.

Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs janúar-apríl 2024 og samanburður við fyrri ár.

1. Úrgangur frá verkstöðum: Magn, flokkunar- og endurnýtingarhlutfall.

Verkstaður	2022			2023			2024 jan-apríl		
	Tonn	Flokkað	Endurn.	Tonn	Flokkað	Endurn.	Tonn	Flokkað	Endurn.
Lágmúli og spilliefni	2	98%	79%	3	100%	57%	2	100%	28%
Urðarhvarf	48	75%	37%	28	72%	12%	5	100%	0%
Urriðaholtsstræti				15	88%	88%	22	94%	94%
Skútahraun (Lager)	18	73%	73%	45	91%	61%	38	92%	92%
NLSH Bílakjallari				8	96%	96%	38	85%	85%
Baughamar							3	84%	84%
Hjúkrunarheimili RNB							10	84%	84%
Urriðaholtsskóli	2	39%	0%	108	80%	68%	63	76%	67%
Stekkjaskóli	123	88%	65%	95	52%	49%	21	72%	47%
Grimsgata				100	69%	62%	68	64%	57%
Vogabyggð	585	66%	52%	224	67%	42%	11	54%	54%
Alþingi	206	83%	77%	244	77%	69%	51	51%	44%
Sunnusmári	153	67%	63%	245	63%	48%	39	50%	50%
Tónahvarf	11	94%	94%	35	80%	80%	4	0%	0%
Samt. og vegin hlutföll	1192	72%	61%	1216	71%	54%	375	71%	63%

Flokkunarhlutfall er óbreytt frá seinasta ári, og reyndar nánast það sama tvö seinustu ár, **71%**.

Endurnýtingar hlutfall (það hlutfall úrgangs sem fer ekki í urðun eða brennslu hjá móttökuaðilum) hækkar nú aftur m.v. allt árið 2023 þar sem það lækkaði umtalsvert. Er nú **63%** og svipað og það var 2022.

Endurnýtingar hlutfall er alltaf jafnhátt eða lægra en flokkunarhlutfall og getur verið nokkuð lægra ef stór hluti af því sem er flokkað fer t.d. í flokkaða flokka sem ekki fara í endurnýtingu s.s.

- Grófur úrgangur
- Gifs
- Málað timbur

Helstu óvinir okkar eru neðangreindir tveir flokkar sem fara í óflokkað og eru ekki endurnýttir.

- Óflokkaður úrgangur
- Almennt heimilissorp.

Eins og áður hefur verið bent á eru þessir flokkar líka þeir langdýrustu í förgun ásamt Grófum úrgangi.

Verkstaðir sem eru með mjög lítinn úrgang (nokkur tonn) eru varla marktækir þar sem um eina tilfallandi losun getur verið að ræða. Stórir verkstaðir með mikla förgun hafa mesta vægið með heildarniðurstöðu flokkunar.

Enn sjáum við að flokkun verkstaða verður almennt verri við lok verka þegar innanhúsfrágangi er að ljúka og verið er að hreinsa svæðin út. Þar er klárlega rúm fyrir bætingu í flokkun.

Bergur Helgason Gæða- og Öryggisstjóri.